



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Kópavogur, 2. desember 2022
Málsnr.: 2212002 /Málalykill 0.10.2

Efni: Umsögn TR um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsleg aðstoð, nr. 99/2007 (greiðslutímabil endurhæfingarlífeyris)

Vísað er til tölvubréfs dags. 21. nóvember 2022 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar (TR) um ofangreint lagafrumvarp. Einnig er vísað til fundar velferðarnefndar með fulltrúum TR sem haldinn var miðvikudaginn 30. nóvember sl.

Frumvarpinu er einkum ætlað að bæta réttarstöðu þeirra sem glíma við alvarlegan heilsuvanda og gera þeim kleift að klára sína endurhæfingu með það að markmiði að auka færni sína. TR fagnar því þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Eins og fram kom á fundi velferðarnefndar með fulltrúum TR þá telur stofnunin þó ástæðu til að koma á framfæri ábendingu sem snýr að orðalagi á b. lið 1. gr. frumvarpsins. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, í kaflanum um einstakar greinar frumvarpsins, að gert sé ráð fyrir auknum kröfum um framvindu starfsendurhæfingar og áherslu á endurkomu viðkomandi á vinnumarkað við mat á því hvort skilyrði til framlengingar greiðslna um 24 mánuði til viðbótar við 36 mánuðina sé uppfyllt.

Stofnunin telur að orðalagið „enda sé starfsendurhæfing með það að markmiði að auka atvinnuþátttöku enn talin raunhæf“ sé nokkuð í samræmi við orðalag 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007 en þar segir að skilyrði fyrir greiðslum sé m.a. að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði. Þó er lögð áhersla á að markmiðið um að auka atvinnuþátttöku sé enn talið raunhæft. Ef gera á auknar kröfur um framvindu starfsendurhæfingar þá leyfir TR sér að leggja til að bæta við orðalagi sem er í samræmi við núgildandi 2. mgr. 7. gr. laga um félagslega aðstoð. Ákvæði 2. mgr. gæti þá hljómað svo:

Heimilt er að framlengja greiðslutímabil skv. 1. mgr. um allt að 24 mánuði enda séu sérstakar ástæður fyrir hendi og starfsendurhæfing með það að markmiði að auka atvinnuþátttöku sé enn talin raunhæf að mati framkvæmdaraðila, sbr. 1. mgr.

Hefð hefur skapast við túlkun á hugtaki „sérstakar ástæður“ sem er einnig nánar skilgreint í 4. gr. reglugerðar nr. 661/2020 um framkvæmd endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og því telur stofnunin að orðalag í þessa átt sé betur til þess fallið að gera kröfu um aukna framvindu starfsendurhæfingar við mat á því hvort heimild til framlengingar á greiðslum sé fyrir hendi.

Til upplýsinga þá bar TR tillögu stofnunarinnar að breyttu orðalagi ákvæðisins undir fulltrúa félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og voru svör ráðuneytisins jákvæð.

Virðingarfyllt,

Þórir Ólason
yfirlögfræðingur